

Titill: Leikhús í London - Shakespeare

Skammstöfun: **LEIK3CF05**

Námsgrein: Leiklist

Viðfangsefni: Shakespeare

Þrep: 2

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er tvíþætt. Annars vegar er miðað að því að fara í námsferð til London í lok annar, hins vegar að kynna sér leikrit, sögu, tungumál og uppruna verka eftir Shakespeare og fræðast um enskt leikhús. Í London verður farið í kynnisferð um Globe leikhúsið og saga leiklistar á tímum Shakespeare skoðuð og við munum sjá eina sýningu í Globe leikhúsini. Þjóðleikhús Bretta verður skoðað og farið á sýningar þar. Einnig mun hópurinn heimsækja leiklistarskóla í London. Ferðin til London er í lok annar. Vinnan á önninni miðar að því að undirbúa ferðina: Lesa þau verk sem farið verður á í London og vinna með valdar senur úr þeim. Einnig mun hópurinn kynnast völdum verkum Shakespeare og fræðast um samtíma hans. Á Íslandi mun hópurinn fara sýningu á verkum Shakespeare ef færi gefst og fræðast um þau leikrit sem farið verður á. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur.

Forkröfur:

10 einingar í leiklist

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Shakespeare og verkum hans.
- Fjölbreyttri leiklistarmenningu Bretta.
- Sögulegu samhengi Shakespeares.
- Uppbyggingu breska þjóðleikhússins.
- Uppsetningu á verkum Shakespeares á Íslandi.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- lestri á klassískum verkum Shakespeares og verkum í bundnu máli.
- Senuvinnu með verk Shakespeares og annarra höfunda.
- Ræða leikverk og samhengi þeirra í ræðu og riti.
- Ræða sögulegt samhengi leikverka í ræðu og riti.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Kynna sé leiklistarmenningu í London.
- Kynna sér leiklistarmenningu annarra landa.
- Lesa leikrit sér til ánægju og gagns.
- Rýna sér til gagns í leikrit og sýningar á þeim.
- Ræða um sviðslistir á uppbyggilegan hátt.
- Skrifa um sviðslistir.
- Vinna með bundinn texta í leiklestri.

Námsmat

Áfanginn er próflaus. Leiðsagnarmat á verkum nemenda í tímum er alla önnina. Verkefni nemenda, verkleg og bókleg verða metin til loka einkunnar. Þeir sem ekki ljúka við verkefni og ná ekki tilskilinni mætingu komast ekki með til London. Stöðug endurgjöf felst í uppbyggilegri gagnrýni á verk nemenda, bæði frá kennara og samnemendum.